

Alþingi
Erindi nr. P 135/3128
komudagur 27.8.2008



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Skúlatún 6 – 105 Reykjavík Sími: 551 8150 Fax: 562 7131
Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 25. ágúst 2008

*Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík*

Athugasemdir Skógræktarfélags Íslands vegna frumvarps til skipulagslaga

Á fundi Skógræktarfélags Íslands með Umhverfisnefnd Alþingis þann 21. ágúst sl. gerði Magnús Gunnarsson, formaður félagsins, grein fyrir ályktun Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands varðandi frumvarp til nýrra skipulagslaga sem lagt hefur verið fram á 135. löggjafarþingi Alþingis.

Í framhaldi fundarins hefur Skógræktarfélag Íslands gert beinar tillögur og athugasemdir við frumvarpið sem félagið leggur áherslu á að fái framgang við lokafrágang laganna.

Ef nánari upplýsinga er óskað mun félagið fúslega veita þær.

F.h. Skógræktarfélags Íslands


Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri.

Beinar athugasemdir við frumvarpið:

2. gr.

Skilgreiningar.

Lagt er til að orðinu „skógrækt” verði bætt í 9 lið *Landnotkun*

9. *Landnotkun*: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, skógrækt, útivist og landbúnað.

12. gr.

Skipulagsskylda.

Lagt er til að í 2. málsgrein bættist orðin „skóga og gróðurbelti“.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðapróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, ... **skóga og gróðurbelti**, ... samgöngur o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Lagt er til að í 5. málsgrein bættist við „og verndun náttúruverðmæta svo sem skóga og gróðurbelta”.

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun ... og verndun náttúruverðmæta svo sem **skóga og gróðurbelta** ... að leiðarljósi.

Lagt er til að í 6. málsgrein bættist við orðið „skóga”.

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, **skóga** eða trjágróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

23. gr.

Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð.

Lagt er til að í 1. málsgrein bættist „þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags”.

Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefnum þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum ... **þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags** ... og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal nánar kveðið á um lýsingu skipulagsverkefnis.

28. gr.

Aðalskipulag.

Lagt er til að í 1. málsgrein bættist „skóglendi, útivistarsvæði og gróðurbelti”.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir ein sveitarfélag og skal taka til áns lánis innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, ... **skóglendi, útivistarsvæði og gróðurbelti**, ... byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

30. gr.

Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.

Lagt er til að í 1. málslið 1. mgr. bætist „þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags”.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum ... , **þ.m.t., aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags...** og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

37. gr.

Deiliskipulag.

Lagt er til að í fyrstu málsgrein bætist „útivistarsvæði, skóga og gróðurbelti”.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form ... , **útivistarsvæði, skóga og gróðurbelti** ... eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

40. gr.

Gerð deiliskipulags, kynning og samráð.

Lagt er til að í 1., 3. og 4. málsgrein bætist „þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags”.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum ... , **þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags** ...

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum ... , **þ. m. t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags** ... og kynna fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu deiliskipulagsverkefnis og kynningu hennar. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum ... , **þ.m.t. aðildarfélög Skógræktarfélags Íslands innan viðkomandi sveitarfélags** ... á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Sveitarstjórn er heimilt að falla frá slíkri kynningu ef allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi. Að lokinni kynningu skal deiliskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Skógræktarfélag Íslands vill í lokin taka undir ábendingar sem lúta að skógrækt og koma fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands til Umhverfisstofnunar Alþingis 14. apríl 2008.